

Mál nr. 3/2012

Íþróttafélagið Leiknir R gegn Knattspyrnufélaginu Val

Kæra Leiknis

Kröfugerð:

Leiknismenn fara frammá að úrslit í leik Leiknir/KB – Valur í 2.flokki karla B-lið sem fram fór þann 20.07.2012 sem fór 0-2 fyrir Val verði breytt í 3-0 sigur fyrir Leikni vegna ólöglegra leikmanna.

Lýsing helstu málavaxta:

Valsmenn hafa svindlað allt b-liðsmótið og nú er mál að linni. Í umræddum leik voru 4 leikmenn A-liðs Vals úr byrjunarliði frá leiknum á undan gegn Fjarðabyggð/Leiknir í B-deild (sjá meðfylgjandi skýrslu). Þeir léku einnig í umræddum leik. Þeir eru:

Nikulás Snær Magnússon
Tadas Koncius
Andri Sigurðsson
Bjarki Sigurðsson

Meðfylgjandi eru skýrslur úr báðum leikjunum.

Vísan í lög og reglugerðir

Vísun við til Reglugerða um knattspyrnumót þar sem segir:

25.1.6. Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 2. aldursflokks B liða er ber nafnið 2. flokkur B.

Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 2. flokki B hefur engin áhrif á 2. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.

Lýsing á helstu röksemdum:

Það er mikill munur á því að fá leikmenn í leiki til að ná í lið þar sem hugsanlega getur verið skynsamlegt svindl ef svo má að orði komast sem hefur ekki úrslitaáhrif á leiki. Valsmenn aftur á móti sækja leikmenn gagngert til þess að sigra leikina og þar með setja þá í ákveðið uppnám. Það er ekki hægt að líða slík vinnubrögð. Það er sjálfgefið að B-liða keppni á að vera fyrir þá leikmenn sem eru á þann klassa og þá fá allir verkefni við hæfi.

Gögn málsins:

Hjálagt er afrit af skýrslum úr báðum leikjum sem fram koma í kærni þessari. Annars vegar úr leik Leiknis/KB og Vals í B-liðum og hinsvegar Fjarðabyggðar/Leiknis og Vals í A-liðum.

Vitni:

Það þarf vart frekari vitna við en það má kalla til Dómara leiksins, Hlyn Helga, Patrek Andrés Axelsson leikmann Leiknis og Þórð Einarsson þjálfara Leiknis.

Fh Leiknis:

Þórður Einarsson

Greinargerð frá Val.

Knattspyrnufélagið Valur fer fram á að kærán verði felld niður á þeim forsendum að Leiknir notar einnig ólöglegan leikmann, Sæmund Bergmann Jóhannsson. Sæmundur Bergmann Jóhannsson byrjar inná í síðasta A leik Leiknis/KB á móti KA þann 01.07.2012. og spilar síðan umræddan B- leik hjá Leikni/KB og Val. (sjá leikskýrslur)

Aðrar röksemdir

Knattspyrnufélagið Valur hefur ekki verið að nota leikmenn úr A-liði í áðurgengum leikjum B- liðs . Þar sem margir leikmenn voru í sumarleyfum enda lok júlí og 3. flokkur karla Vals var í keppnisferð erlendis, var þessi ákörðun tekin um að nota ákveðna leikmenn (byrjunarleikmenn úr síðasta A-leik) en ef leikir B liðs eru skoðaðir sést að umræddir leikmenn hafa spilað flesta B leiki hjá Val (að undaskyldum Andra).

Þar af má álykta leikmenn séu að fá verkefni við hæfi og þar sem B - leikir Vals eru hugsaðir til að leikmenn 2.flokks Vals hafi verkefni keppnistímabilið 2012.

Kær kveðja,

Haraldur D. Ragnarsson

Úrskurður frá Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Ár 2012, þriðjudaginn 14. ágúst er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Sigurði Guðmundssyni og Sigurði I. Halldórssyni

Fyrir er tekið málið nr. 3 / 2012

Íþróttafélagið Leiknir, knattspyrnudeild
gegn
Knattspyrnufélaginu Val, knattspyrnudeild

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Kærandi:

Íþróttafélagið Leiknir, knattspyrnudeild

Kennitala. 690476-0299,
Austurbergi 1, 111 Reykjavík

Kærði:

Knattspyrnufélagið Valur, knattspyrnudeild
Kennitala 670269-2569,
Hlíðarenda Reykjavík

Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ innan kærufrests þann 27. ágúst sl. með símbréfi. Dómari gaf hinu kærða félagi, Val, kost á að skila greinargerð sem sent var til skrifstofu KSÍ þann 7. ágúst s.l.

Kröfur:

Kærandi (Leiknir) krefst þess að úrslit í leik Leiknir/KB – Valur í 2.flokki karla B-lið sem fram fór þann 20.07.2012 sem lyktaði 0-2 fyrir Val verði breytt í 3-0 sigur fyrir Leikni vegna ólöglegra leikmanna.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málsatvikum m.a. þannig:

„ Í umræddum leik voru 4 leikmenn (sic) A-liðs Vals úr byrjunarliði frá leiknum á undan gegn Fjarðabyggð/Leiknir í B-deild (sjá meðfylgjandi skýrslu) . Þeir léku einnig í umræddum leik. Þeir eru:

Nikulás Snær Magnússon
Tadas Koncius
Andri Sigurðsson
Bjarki Sigurðsson

Meðfylgjandi eru skýrslur úr báðum leikjunum.

Vísan í lög og reglugerðir

Vísam við til Reglugerða um knattspyrnumót þar sem segir:

25.1.6. Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 2. aldursflokks B liða er ber nafnið 2. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 2. flokki B hefur engin áhrif á 2. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.

Lýsing á helstu röksemdum:

Það er mikill munur á því að fá leikmenn í leiki til að ná í lið þar sem hugsanlega getur verið skynsamlegt svindl ef svo má að orði komast sem hefur ekki úrslitaáhrif á leiki. Valsmenn aftur á móti sækja leikmenn gagngert til þess að sigra leikina og þar með setja þá í ákveðið uppnám. Það er ekki hægt að líða slík vinnubrögð. Það er sjálfgefið að B-liða keppni á að vera fyrir þá leikmenn sem eru á þann klassa og þá fá allir verkefni við hæfi.

Gögn málsins:

Hjálagt er afrit af skýrslum úr báðum leikjum sem fram koma í kærni þessari. Annars vegar úr leik Leiknis/KB og Vals í B-liðum og hinsvegar Fjarðabyggðar/Leiknis og Vals í A-liðum.

Vitni:

Það þarf vart frekari vitna við en það má kalla til dómara leiksins, Hlyn Helga, Patrek Andrés Axelsson leikmann Leiknis og Þórð Einarsson þjálfara Leiknis.“

III

Hið kærða félag svaraði eins og áður hefur fram komið með tölvupósti þann 7. ágúst þar sem eftirfarandi kom fram :

”
„Knattspyrnufélagið Valur fer fram á að kærni verði felld niður á þeim forsendum að Leiknir notar einnig ólöglegan leikmann, Sæmund Bergmann Jóhannsson. Sæmundur Bergmann Jóhannsson byrjar inná í síðasta A leik Leiknis/KB á móti KA þann 01.07.2012. og spilar síðan umræddan B- leik hjá Leikni/KB og Val. (sjá leikskýrslur)

Aðrar röksemdir

Knattspyrnufélagið Valur hefur ekki verið að nota leikmenn úr A-liði í áðurgengum leikjum B- liðs . Þar sem margir leikmenn voru í sumarleyfum enda lok júlí og 3. flokkur karla Vals var í keppnisferð erlendis, var þessi ákvörðun tekin um að nota ákveðna leikmenn (byrjunarleikmenn úr síðasta A-leik) en ef leikir B liðs eru skoðaðir sést að umræddir leikmenn hafa spilað flesta B leiki hjá Val (að undaskyldum Andra).

Þar af má álykta leikmenn séu að fá verkefni við hæfi og þar sem B - leikir Vals eru hugsaðir til að leikmenn 2.flokks Vals hafi verkefni keppnistímabilið 2012.“

IV.

Niðurstaða:

Eins og fram kemur í gögnum málsins viðurkennir hið kærða félag að hafa notað leikmenn úr A liði Vals í umræddum B liðsleik milli Leiknis og Vals 2. flokki karla.

Er slíkt skýlaust brot á grein 25.1.6. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Ber því að taka kröfu kæranda til greina og breyta úrslitum í leik Leiknir/KB gegn Val í 2.flokki karla B sem fram fór þann 20.07.2012 þannig að kæranda, Leikni/KB verði dæmdur 3-0 sigur vegna ólöglegra leikmanna.

Kröfu hins kærða félags á hendur kæranda vegna ólöglegs leikmanns ber að vísa frá þar sem kærufrestur er liðinn gagnvart því meintu broti.

Ekki verður hjá því komist að sekta hið kærða félag um kr. 10.000.- vegna framangreinds brots.

Úrskurðarorð:

Leikur Leiknis/KB gegn Val í 2.flokki karla B sem fram fór þann 20.07.2012 skal dæmdur tapaður fyrir Val með markatölunni 0-3.

Knattspyrnufélaginu Val, knattspyrnudeild ber að greiða kr 10.000.- í sekt til KSÍ.

Gunnar Guðmundsson

Sigurður Guðmundsson

Sigurður I Halldórsson

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.